

Tilboðstrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

1. gr.	Útgáfa yfirlýsingar um tilboðstryggingu.....	3
2. gr.	Gildissvið vátyggingarinnar	3
3. gr.	Gildistími	3
4. gr.	Greiðsla, tilkynningar og dráttarvextir	3
5. gr.	Endurgreiðsla	3
6. gr.	Skylda ábyrgðarmanns.....	3
7. gr.	Veð	3
8. gr.	Rýrnun veðs	3
9. gr.	Vanefndir.....	3
10. gr.	Vátryggingar á veðum	3
11. gr.	Ágreiningsmál.....	4

1. gr. Útgáfa yfirlýsingar um tilboðstryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gefa að ósk vátryggingartaka sem bjóðanda í verklega framkvæmd út yfirlýsingu um tilboðstryggingu til hagsbóta fyrir verkkaupa þann sem skráður er á vátryggingarskírteinið. Yfirlýsingin er gefin út í samræmi við kröfu í útboðs-gögnum um, að slík yfirlýsing skuli lögð fram með tilboði í verkið.

2. gr. Gildissvið vátyggingarinnar

Vátryggingin tekur til þess fjárhagslega tjóns sem verkkaupi kann að verða fyrir ef bjóðandi efnir ekki skyldur sínar samkvæmt tilboði sínu og undirritar ekki verksamning þar að lútandi innan þess frests sem útboðsskilmálar kveða á um.

3. gr. Gildistími

Vátryggingin tekur gildi þegar iðgjald vegna hennar hefur verið greitt eða um það samið og félagið hefur gefið út sjálfa yfirlýsinguna um tilboðstrygginguna.

Gildistími vátryggingarinnar er sá tími sem bjóðandi er bundinn af tilboði sínu.

4. gr. Greiðsla, tilkynningar og dráttarvextir

Iðgjald fyrir tilboðstrygginguna skal vátryggingartaki inna af hendi þegar þess er krafist. Ef vanskil verða skal greiða dráttarvexti eftir reglum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

5. gr. Endurgreiðsla

Vátryggingartaki ábyrgist Sjóvá-Almennum tryggingum hf. einn eða með öðrum, á þann hátt sem um hefur sérstaklega verið samið endurgreiðslu á öllu því fé sem Sjóvá-Almennar tryggingar hf. þurfa að inna af hendi vegna yfirlýsingarinnar sem tilboðstryggingin tekur til.

6. gr. Skylda ábyrgðarmanns

Sá, sem gengið hefur í ábyrgð vegna skuldbindinga vátryggingartaka við Sjóvá-Almennar tryggingar hf. skal efna skyldu sína, ef vátryggingartaki innir ekki af hendi gjaldfallna greiðslu til Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Ábyrgðarmenn bera persónulega og óskipta ábyrgð.

7. gr. Veð

Veð sem vátryggingartaki, ábyrgðarmenn eða aðrir setja eru til tryggingar hverri kröfu, sem Sjóvá-Almennar tryggingar hf. eignast á hendur vátryggingartaka, ábyrgðarmanni eða veðsala vegna þessa vátryggingarsamnings. Heimildir Sjóvá-Almennra trygginga hf. samkvæmt þessari grein eru háðar því skilyrði, að greiðsluskylda hafi fallið á félagið vegna vátryggingarinnar.

8. gr. Rýrnun veðs

Rýrni veð eða sé hætta á því að það rýrni eða hækki krafa í erlendum gjaldmiðli vegna gengisbreytingar geta Sjóvá-Almennar tryggingar hf. krafist þess, að vátryggingartaki eða ábyrgðarmenn setji tafarlaust nýtt veð til viðbótar hinu eldra.

9. gr. Vanefndir

Vanefni vátryggingartaki skuldbindingu þá sem yfirlýsingin um tilboðstrygginguna tekur til eiga Sjóvá-Almennar tryggingar hf. rétt á að grípa til innheimtuaðgerða gagnvart honum og/eða ábyrgðarmönnum og að koma veði í verð sé um það að ræða.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. taka ákvörðun um, að hvaða skuldara eða veði ganga skuli.

10. gr. Vátryggingar á veðum

Vátryggingartaka og/eða veðsala er skylt að kaupa og halda við venjulegum og eðlilegum vátryggingum á veðum. Vátrygginguna skal kaupa hjá vátryggingarfélagi sem leyfi hefur til að reka starfsemi á Íslandi. Séu

ekki lögð fram gögn um, að slík váttrygging sé fyrir hendi mega Sjóvá-Almennar tryggingar hf. kaupa hana fyrir hönd þess sem skylt var að gera það.

11. gr. Ágreiningsmál

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2007.

[Efst á skjal](#)